

Ár 2010, þriðjudaginn 23. febrúar, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jakobi R. Möller og Jónasi Þór Guðmundssyni.

Fyrir var tekið:

### **Að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra Vísindagarða Háskóla Íslands ehf.**

#### **I.**

Fullskipað kjararáð hefur í dag kveðið upp úrskurð nr. 2010.4.001 um almennar forsendur ákvarðana um laun og önnur starfskjör þeirra sem með lögum nr. 87/2009 bættust í þann hóp sem undir kjararáð heyrir. Meðal þeirra er framkvæmdastjóri Vísindagarða Háskóla Íslands ehf. (Vísindagarðar), en hlutafélagalögum nr. 2/1995 var breytt með fyrrnefndum lögum þannig að kjararáð ákveður nú laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins. Með þessum úrskurði tekur þriggja manna kjararáð ákvörðun um launakjör forstjóra og byggist hún á þeim almennu forsendum sem ákveðnar eru í úrskurði fullskipaðs kjararáðs. Ber því að líta á úrskurðina sem eina heild.

#### **II.**

Kjararáð skrifaði framkvæmdastjóra og stjórn Vísindagarða. bréf 26. október 2009 og gaf þeim kost á að koma sjónarmiðum á framfæri við ráðið auk þess sem óskað var eftir ítarlegum upplýsingum um öll núverandi starfskjör, þar með talin hlunnindi, svo sem bifreiða- og aksturshlunnindi, sérstakar greiðslur í lífeyrissjóð o.þ.h. Auk þess var óskað eftir upplýsingum um öll launuð aukastörf. Í bréfunum voru kynntar helstu breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 87/2009 á lögum um kjararáð og á hlutafélagalögum nr. 2/1995. Sérstaklega var óskað eftir afriti af ráðningarsamningi eða erindisbréfi. Fjármálaráðuneyti var skrifað sama dag og gefinn kostur á að koma sjónarmiðum á framfæri.

Framkvæmdastjórinn svaraði með bréfi dagsettu 4. desember 2009. Bréfinu fylgdi ráðningarsamningur og launaseðlar fyrir desembermánuð 2008 og febrúarmánuð 2009. Í bréfinu sagði að hinn 1. febrúar 2009 hefði starfshlutfall verið lækkað tímabundið úr 100% í 15% og allar greiðslur sem fram kæmu í ráðningarsamningi hefðu lækkað í hlutfalli við þá ákvörðun. Framkvæmdastjórinn hefði frá sama tíma hafið störf hjá Háskóla Íslands í 85% starfi. Auk þess þægi hann laun fyrir stjórnarsetu í Kaffitári ehf. en það væri ótengt Háskóla Íslands. Vísindagarðar væru einkahlutafélag í eigu Háskóla Íslands sem mundi byggja á háskólalóðinni til þess að hýsa háskólastarfsemi, þekkingarfyrirtæki og rannsóknarstarfsemi í 75.000 fermetra húsnæði. Þetta væri því eitt stærsta byggingarverkefni á höfuðborgarsvæðinu en til samanburðar væri allt húsnæði Háskóla Íslands 73.000 fermetrar. Vísindagarðar yrðu byggðir í áföngum en samkvæmt áætlun mundi þessi húsaþyrping innan fárra ára verða miðstöð nýsköpunar og rannsókna á Íslandi. Hlutverk framkvæmdastjóra krefðist þekkingar á ólíkum sviðum. Áskilin væri reynsla og þekking á sviði fjármögnunar, fjárstreymis, fjárfestinga og reksturs. Hann þyrfti að hafa mikla reynslu af byggingarframkvæmdum, verkefnastjórnun og áhættustýringu. Auk þess þyrfti hann að hafa reynslu af vísindarannsóknum, tengsl við vísindasamfélagið, gott aðgengi að forystumönnum í atvinnulífinu og þekkingu á stjórnkerfinu. Unnið væri að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð Vísindagarða en að öðru leyti lægi verkefnið að mestu niðri og skýrði það 15% starfshlutfall framkvæmdastjóra. Verkefnið færi aftur á fulla ferð um leið og rofaði til og yrði starfshlutfall þá aukið. Framgangur verkefnisins ylti að miklu leyti á kunnáttu framkvæmdastjórans og umsamin laun endurspegluðu að hann hefði látið af tryggu og vel launuðu starfi sem skrifstofustjóri og staðgengill ráðuneytisstjóra til þess að leiða þetta verkefni.

Í ráðningarsamningi sagði meðal annars að framkvæmdastjóri bæri ábyrgð á daglegum rekstri og kæmi fram fyrir hönd félagsins í öllum málum sem vörðuðu rekstur þess. Hann sæi um fjármál og reikningshald og ráðningu starfsfólks. Meginverkefni framkvæmdastjóra væri að vinna að uppbyggingu Vísindagarða á lóð félagsins í Vatnsmýrinni. Hann væri ábyrgur gagnvart stjórn félagsins. Auk mánaðarlauna kom fram að greitt væri í Lífeyrissjóð verzlunarmanna og í séreignasjóð. Þá skyldi greiða framkvæmdastjóranum fastan bifreiðarstyrk. Uppsagnarfrestur væri sex mánuðir.

Fjármálaráðuneyti svaraði með bréfi dagsettu 18. nóvember 2009. Í því komu ekki fram sérstök sjónarmið um launakjör framkvæmdastjórans.

Með bréfi, dagsettu 18. janúar 2010, kynnti kjararáð framkvæmdastjóra Vísindagarða drög að fyrirhuguðum úrskurði um almennar forsendur ákvörðunar um laun og fyrirhugaða ákvörðun um laun hans og önnur starfskjör og gaf honum kost á að koma athugasemdum sínum á framfæri við ráðið. Athugasemdir bárust ekki.

Kjararáð sendi framkvæmdastjóranum bréf, dagsett 9. febrúar 2010, og gaf honum kost á að koma frekari sjónarmiðum og athugasemdum á framfæri við ráðið. Bréfinu fylgdi rökstuðningur kjararáðs fyrir fyrirhugaðri ákvörðun um launakjör þar sem meðal annars kom fram við hvað hún væri miðuð. Andmæli bárust ekki.

### III.

Á heimasíðu Háskóla Íslands er að finna upplýsingar um Vísindagarða Háskóla Íslands ehf. Félagið var stofnað í janúar 2004 og er tilgangur þess að byggja vísindagarða á háskólalóðinni, rekstur og viðhald þeirra og annar skyldur rekstur. Stjórnina skipa fimm menn. Markmið með Vísindagörðum er að efla samstarf milli atvinnulífs, rannsóknastofnana og Háskólans og skapa öflug alþjóðleg þekkingarsetur og vettvang fyrir samstarf milli Háskólans og fyrirtækja á sviði vísinda og nýsköpunar. Í fyrstu verði sérstök áhersla lögð á líf- og heilbrigðisvísindi, upplýsinga- og fjarskiptatækni og orkurannsóknir.

### IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Með lögum nr. 148/2008 var kjararáði falið, án tillits til fyrri lögmæltra viðmiða, að kveða upp úrskurð fyrir árslok 2008 er fæli í sér 5–15% launalækkun alþingismanna og ráðherra er gilti frá 1. janúar 2009. Til ársloka 2009 skyldi ráðinu óheimilt að endurskoða úrskurðinn til hækkunar. Jafnframt skyldi kjararáð endurskoða kjör annarra til samræmis. Svohljóðandi málsliður bættist við 8. gr. laganna með breytingu sem gerð var á lögum um kjararáð með lögum nr. 87/2009: „Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra skv. 3. gr.“ Föst laun forsætisráðherra eru nú 935.000 krónur á mánuði. Síðast var lögum um kjararáð breytt með lögum nr. 127/2009 en í þeim segir að til nóvemberloka 2010 sé óheimilt að endurskoða til hækkunar úrskurði sem kveðnir höfðu verið upp á grundvelli laga nr. 148/2008. Við endurskoðun eða ákvörðun kjara annarra aðila sem heyra undir ráðið skuli gætt innbyrðis samræmis eftir því sem framast sé unnt og að virtum ákvæðum 8. gr. laga nr. 47/2006.

Með þeim breytingum, sem að ofan greinir, á skipulagi ákvarðana um launakjör þeirra sem heyra undir kjararáð hefur, eins og fram kemur í úrskurði um almennar forsendur nr. 2010.4.001, verið raskað því fyrirkomulagi og viðmiðum sem tilgreind voru í 8. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 eins og þau upphaflega voru. Kjararáð verður samkvæmt 8. gr. eins og hún nú er fyrst og fremst að miða við fóst laun forsætisráðherra og þær ákvarðanir sem Alþingi tók um lækkun launa þeirra sem hafa heyrt undir ákvörðunarvald ráðsins. Af þessu leiðir einnig, að svo geti í auknum mæli farið að æðsti stjórnandi hlutafélags eða stofnunar í eigu ríkisins verði ekki með hæst laun starfsmanna, en við því hefur kjararáð engin úrræði. Fyrirvaralaus ákvæði laga nr. 148/2008 og 87/2009 hafa í reynd afnumið meginefni 8. gr. laga um kjararáð.

Þeir sem heyra undir ákvörðunarvald kjararáðs taka laun samkvæmt launaflokkum 123 til 142, að forseta Íslands og forsætisráðherra undanskildum. Mánaðarlaun í launaflokki 123 eru 458.224 krónur, í launaflokki 140 806.230 krónur og í launaflokki 142 862.207 krónur. Í launaflokkum 140 til 142 eru hæstaréttardómarar, ríkissáttasemjari, ríkisendurskoðandi, rektor Háskóla Íslands, vegamálastjóri, skrifstofustjóri Alþingis og ráðuneytisstjórar. Auk mánaðarlauna fá þessir embættismenn greitt fyrir yfirvinnu og álag í formi eininga, 6 til 24 einingar á mánuði, forseti Hæstaréttar mest, en aðrir mest 18 einingar. Einingafjöldi til viðbótar mánaðarlaunum í launaflokkum 123 til 142 er almennt á bilinu 0-20.

Við ákvörðun mánaðarlauna framkvæmdastjóra Vísindagarða Háskóla Íslands ehf., þ.e. fastra launa fyrir dagvinnu, hefur kjararáð meðal annars tekið mið af mánaðarlaunum skrifstofustjóra í Stjórnarráðinu og framkvæmdastjóra Fasteigna ríkisins, en þeir taka laun samkvæmt launaflokkum 132 til 134.

Vakin er athygli á því að í úrskurði nr. 2010.4.001 um almennar forsendur segir að kjósi framkvæmdastjóri að halda bifreiðahlunnindum samkvæmt ráðningarsamningi, þar með töldum greiðslum sem miðast við tiltekinn fjölda ekinna kílómetra, skuli verðmæti þeirra samkvæmt mati ríkisskattstjóra dragast frá heildarlaunum sem kjararáð ákveður og fram koma í ákvörðunarorði. Jafnframt segir að laun séu ákveðin miðað við lífeyrisréttindi í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) og sé miðað við að verðmæti iðgjalds launagreiðanda sé 20% af heildarlaunum. Sé iðgjald launagreiðanda í annan lífeyrissjóð en LSR, að séreignasjóði meðtöldum, herra eða lægra en 20% af launum skulu heildarlaun, sem ákveðin verða af þriggja manna kjararáði, hækka eða lækka um það hlutfall sem mismuninum nemur. Sama á við ef greitt er meira eða minna en 2% af launum í séreignasjóð fyrir félagi í LSR, sjá nánar kafla VIII í úrskurði nr. 2010.4.001. Þá skulu greiðslur fyrir fastlínusíma á heimili framkvæmdastjóra dragast frá heildarlaunum sem fram koma í ákvörðunarorði.

Eins og fram kemur í IX. kafla úrskurðar kjararáðs nr. 2010.4.001 taka ákvarðanir ráðsins gildi frá ákvörðunardegi nema annað sé sérstaklega tekið fram í einstökum ákvörðunum.

Að öðru leyti en hér kemur fram vísast til úrskurðar kjararáðs um almennar forsendur nr. 2010.4.001, sem gilda um laun og starfskjör framkvæmdastjóra Vísindagarða Háskóla Íslands ehf.

## V.

### Ákvörðunarorð

Frá og með 1. mars 2010 skulu mánaðarlaun framkvæmdastjóra Vísindagarða Háskóla Íslands ehf. vera samkvæmt launaflokki 502-133, nú 682.032 krónur.

Kjósi framkvæmdastjóri Vísindagarða Háskóla Íslands ehf. að halda bifreiðahlunnindum sínum skal draga verðmæti þeirra samkvæmt mati ríkisskattstjóra frá heildarlaunum sem hér eru ákveðin.

Sé iðgjald launagreiðanda í lífeyrissjóð, að séreignasjóði meðtöldum, meira eða minna en 20% af launum skulu heildarlaun, sem hér eru ákveðin, hækka eða lækka um það hlutfall sem mismuninum nemur.

Seta í stjórn Kaffitárs ehf. er ekki hluti af aðalstarfi.

Laun eru miðuð við fullt starf þannig að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör framkvæmdastjórans gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Ákvörðun þessi gildir fyrir þann sem nú gegnir starfi framkvæmdastjóra Vísindagarða Háskóla Íslands ehf.

---

Guðrún Zoëga

---

Jakob R. Möller

---

Jónas Þór Guðmundsson